

**REGLUGERÐ**

um viðauka við reglugerð nr. 632 18. desember 1980, um takmarkanir á þorskveiðum togskipa árið 1981.

**1. gr.**

Ákvæði reglugerðar nr. 632 18. desember 1980, um takmarkanir á þorskveiðum togskipa árið 1981 gilda um togveiðar allra loðnuskipa, án tillits til stærðar, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 425/1980, með þessum breytingum:

1. Á tímabilinu 10. febrúar—30. apríl 1981, skal hvert loðnuskip láta af þorskveiðum í a. m. k. 25 daga.
2. Stundi skip loðnuveiðar eftir 10. febrúar 1981, telst sá tími ekki með í tímabili veiðitakmörkunar á þorski.

**2. gr.**

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæða laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

**3. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 3. febrúar 1981.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Jón B. Jónasson.*